

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 7 275.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. nóvember 1980 með tilvísun til auglýsingar nr. 539/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 320 28. maí 1980 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 5. nóvember 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

14. nóvember 1980.

Nr. 575.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum nr. 67/1971 með síðari breytingum, skulu hækka um 9.52% frá og með 1. desember 1980 frá því sem þær voru í nóvember 1980. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar. Úr gildi fellur reglugerð með sama heiti nr. 570 frá 7. nóvember 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 14. nóvember 1980.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.